

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 85/2008

frá 4. júlí 2008

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/2008 frá 6. júní 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1370/2007 frá 23. október 2007 um almenna farþegaflutninga á járnbrautum og á vegum og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1191/69 og (EBE) nr. 1107/70 ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1370/2007 fellur úr gildi reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1107/70 ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 4) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1191/69 ⁽⁴⁾, sem hefur verið felld inn í samninginn, fellur úr gildi samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1370/2007, en ákvæði hennar gilda þó áfram um vöruflutningaþjónustu í þrjú ár frá gildistökudegi reglugerðar (EB) nr. 1370/2007.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 4. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1191/69):
„4a. **32007 R 1370:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1370/2007 frá 23. október 2007 um almenna farþegaflutninga á járnbrautum og á vegum og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1191/69 og (EBE) nr. 1107/70 (Stjtið. ESB L 315, 3.12.2007, bls. 1).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 257, 25.9.2008, bls. 36, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 58, 25.9.2008, bls. 18.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 315, 3.12.2007, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 130, 15.6.1970, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 156, 28.6.1969, bls. 1.

2. Eftirfarandi bætist við í 4. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1191/69):
„Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:
Reglugerð þessi fellur úr gildi samkvæmt 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1370/2007. Ákvæði hennar gilda þó áfram um vöruflutningaþjónustu í þrjú ár frá gildistöku degi reglugerðar (EB) nr. 1370/2007.“
3. Texti 11. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1107/70) falli brott.
4. Orðin „19. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1191/69,“ í II. mgr. undir fyrisögninni „Aðlögun á tilteknum sviðum“ og texti 4. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1191/69) falli brott 3. desember 2012.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1370/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. júlí 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.